

128. löggjafarþing 2002–2003.  
Þskj. 965 — 604. mál.

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um frádrátt gjafa og framlaga frá tekjum við álagningu skatta.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

Hve hár var frádráttur frá tekjum lögaðila og tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skv. 2. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sem fjallar um frádrátt einstakra gjafa og framlaga til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, stjórn mála flokka og vísindalegra rannsóknarstarfa frá tekjuskattsstofni, við álagningu árin 1999–2002?

Svar óskast sundurliðað eftir árum, starfsemi gefenda og þiggjenda, sbr. framangreint, eftir því sem unnt er. Enn fremur er óskað eftir mati á því hvert hafi verið tekjutap ríkissjóðs og sveitarfélaga vegna þessarar frádráttarheimildar á sama tímabili.

Skriflegt svar óskast.